

Nd.

302. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenskum höfnum á landi eða í landhelgi varða sektum, 10 þús. til 20 þús. krónum.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslensku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 500—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 500—2500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 1000 til 10000 krónum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar, 2000 til 20000 króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Skal andvirðið renna í ríkissjóð.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.